

— *Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á prestaköllum.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 2. þ. m., og með því að enginn hefir sótt um Ása og Þóroddsstaðar prestaköll, skal þeim 300 kr., sem með brjefi mínu frá 19. maí þ. á. voru lagðar þessum prestaköllum með því skilyrði, að þau yrðu veitt fyrir 31. ágúst þ. á. úthlutað þannig:

Sauðlauksdalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi 100 kr.

Prestsbakka í Strandaprófastsdæmi 100 —

og Fellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi 100 —

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstávisanir.* — Út af brjefi frá yfirstjórn hinna dönsku póst- og telegrafmála vil jeg hjer með leiða athygli yðar, herra póstmeistari að því, að póstávisanir eiga að gefast út til viss tiltekens manns, en alls ekki til umboðsmanns hans («eller ordre»).

— *Brjef landshöfðingja til landlæknis um kennslu yfirsetukvenna.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. þ. m. hafið þjer, herra landlæknir lagt það til, að kennari við læknaskólann, Tómas Hallgrímsson, verði settur til að kenna yfirsetukonum og yfirheyra þær, með því að þjer, sökum aldurs yðar sjáið yður ekki fært að gegna þessu með hinum umfangsmiklu kennslustörfum yðar við læknaskólann, og þar sem nefndum kennara hefir í frumvarpi því til fjárlaga um árin 1880 og 1881, er alþingi hefir samþykkt, verið veitt launabót með því skilyrði, að hann tæki tjeða kennslu að sjer.

Fyrir þessa sök skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Tómasi kennara Hallgrímssyni, að hann hjer með er settur til fyrst um sinn að gegna þeim kennslu- og prófstörfum með tilliti til yfirsetukvenna, sem 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 gerir ráð fyrir, að landlæknirinn hafi á hendi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um björgunarsamninga.* — Skjöl þau, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 12. oktbr. f. á. lútandi að strandi enska fiskiskipsins Thomasar frá Grímsby, sendi ráðgjafinn fyrir Ísland utanríkisráðgjafanum og æskti þess, að nauðsynleg ráðstöfun yrði gjörð til þess, að fá upphæð þá endurborgaða, sem landssjóður Íslands hafði lagt út fyrirfram vegna strands þessa, að upphæð 174 kr. 80 aurar, og skyldi leita endurborgunar hjá útgjörðarmönnum skipsins eða öðrum hlutaðeigöndum. Í annan stað var skírskotað til ummæla yðar í ofan nefndu brjefi, lútandi að 2 reikningum, sem hlutaðeigandi sýslumaður ekki hafði borgað fyrirfæði á hinum færeysku fiskiskútum Gauntlet og Fox handa nokkrum af skipbrotsmönnum, og var því skotið til utanríkisráðgjafans, hvort hann kynni að finna ástæðu til meðfram að blutast til um, að upphæð þessara reikninga yrði einnig endurborguð, alls 51 kr. Síðan hefi jeg meðtekið frá tjeðum ráðgjafa hjálagt eptirrit eptir brjefi, sem sýnir, að Bretastjórn hefir greitt þann hluta upphæðarinnar 131 kr. 50 a., sem er styrkur veittur þeim, sem voru á hinu brotna skipi, þar sem hún aptur á móti með tilliti til bjarglaunanna að svo miklu leyti, sem þau eru meiri, en fengizt hefir upp úr því, sem bjarg-